



PDF-sérprent

Þorgeir Sigurðsson:
Nýjar skjálfhendur á 12. öld

SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

12 2014

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

12. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2014

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

bragi.info/son

ÚTGEFANDI

Óðfræðifélagið Boðn

RITSTJÓRAR

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Sími: 660 5907. Netfang: annaing@hi.is

Haukur Þorgeirsson

Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@hi.is

RITNEFND

*Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Kristján Árnason,
Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Rósa Þorsteinsdóttir*

MYND Á KÁPU

Matthildur Margrét Árnadóttir

UMBROT

Bjarki Karlsson

LETUR

Junicode eftir Peter Baker

PRENTUN

Litlaprent

ISSN 1670-3723

Þorgeir Sigurðsson

Nýjar skjálfhendur á 12. öld

Ég lýsi því í þessari grein hvernig fornskáldin notuðu afbrigðilega hrynjandi í máli til að koma á framfæri upplýsingum án orða í dróttkvæðum vísum. Þetta gerðu þau með skjálfhendum vísuorðum. Þessi tjáningarmáti er óvenjulegur og áhugaverður, bæði frá málfræðilegu og bókmenntalegu sjónarmiði.

Í greininni segi ég frá þrettán skjálfhendum vísum frá tólfu öld en engin dæmi um slíkar vísur hafa áður verið birt frá þeirri öld. Með þeim má rekja sögu skjálfhendna til þess tíma að Snorri Sturluson lýsti þeim í skýringum sínum við HÁTTATAL 1222–1223. Til að stytta mál mitt takmarka ég umræðuna við kveðskap frá því fyrir árið 1200 og ég sleppi umfjöllun um tvískelfdan hátt sem er afbrigði af skjálfhendum hætti.¹ Ég nota nafnorðið *skjálfhenda* eingöngu um skjálfhend vísuorð.

1. *Hrynjandi dróttkvæða og einkenni skjálfhendna*

Í upphafi þessarar greinar er nauðsynlegt að lýsa hrynjandi í dróttkvæðum vísuorðum og í skjálfhendum sérstaklega. Kristján Árnason (1991) lýsti einföldu líkani² fyrir hrynjandi í dróttkvæðum sem ég byggði á en Kristján byggði á hugmyndum William A. Craigie (1900). Samkvæmt þessu líkani eru vísuorð þrenns konar og má lýsa þeim á eftirfarandi

1 Í þeim hætti eru tvær skjálfhendur í vísuhelmingi (í fyrsta og í þriðja vísuorði). Eitt kvæði, REKSTEFJA er til undir tvískelfdum hætti og ein lausavisa er til sem er eignuð Leikni berserki. Í kvæðunum HÁTTATALI og HÁTTALYKLI eru sýnidæmi um háttinn. Kristján Árnason (2006:98–99) lýsir nokkuð öðruvísi tvískelfdum hætti.

2 Líkanið er einfalt í samanburði við kerfi Eduard Sievers með fimm grunngerðum vísuorða og mörgum undirgerðum, sjá bragfræði Finns Jónssonar (1892:14–17), sjá einnig bók Kari Ellen Gade (1995) þar sem öll dróttkvæð vísuorð frá því fyrir árið 1000 eru flokkuð. Gade (1995:58) taldi upp sömu dæmi og hér eru talin um skjálfhendur fyrir árið 1000 sem ég gerði einnig í grein 1994. Hans Kuhn (1983:289) hafði nefnt þau áður, nema dæmið í vísu Þjóðólfs.

hátt. Hér táknar hástafurinn S sterkt eða þungt atkvæði en V táknar veikt eða létt atkvæði. Í dróttkvæðum vísuorðum eru sex bragstöður. Venjulega er eitt atkvæði í bragstöðu en stundum er leyfilegt að hafa tvö veik atkvæði í bragstöðu, sjá nánar um þetta hjá Kristjáni Árnasyni (1991:126–130). Þegar tvær sterkar bragstöður standa saman tala ég um tvöfaldan áherslutopp í hrynjandi.

A-gerð SVSVSV – Hér eru sex bragstöður með sterku og veiku atkvæði á víxl. Dæmi: „Brunnu beggja kinna,“ Kormákur lv. 2/1 (Finnur Jónsson 1912:70). Þetta er algeng hrynjandi.

B-gerð SSVVSV – Hér eru tvær sterkar bragstöður í upphafi vísuorðs sem mynda tvöfaldan áherslutopp og síðan koma tvær veikar bragstöður. Dæmi: „Björt ljós á mik drósar,“ Kormákur lv. 2/2 (Finnur Jónsson 1912:70).

C-gerð VSSVSV – Hér hefst línan á forlið (sem fyllir bragstöðu) og á eftir koma tvær sterkar bragstöður. Dæmi: „þás húnknarrar hjarra,“ Kormákur lv. 4/5 (Finnur Jónsson 1912:71). Þetta er sjaldgæf hrynjandi.

Skjálfhendur hafa þrjár sterkar bragstöður sem standa saman. Styrkur þeirra er undirstrikaður með því að krafist er stuðla og ríms í þeim öllum. Þetta er aðeins hægt að gera með stuðlum í fyrstu og þriðju bragstöðu og með rími í annarri stöðu. Skjálfhendur þekkjast á þessari stuðlasetningu og á ríminu. Af varðveittum dæmum sést að í stað rím-atkvæðis mátti nota langt atkvæði í nafnorði eða lýsingarorði en tryggara þótti að hafa rím (sjá um þetta tilvitnun í Snorra Sturluson í öðrum hluta). Hrynjandi skjálfhendna er SSSVSV. Þessi hrynjandi er afbrigðileg og hún á ekki heima í neinum af framantöldum flokkum. Dæmi um skjálfhendu er vísuorðið „veglyndr veðra grundar“ úr kvæðinu HARMSÓL (63/7, sjá umfjöllun um HARMSÓL í öðrum hluta) þar sem *-lyndr* og *grundar* hafa rím en *veg-* og *veðra* bera stuðul.

Skjálfhendum hefur verið lýst þannig að þær séu afbrigði af A-gerð vísuorða með einhvers konar þungu atkvæði í fyrsta hnigi (í annarri bragstöðu),³ en ég tel réttara að tengja þær ekki við A-gerðina og hafa þær utan við venjulegt flokkunarkerfi vísuorða til marks um að hrynjandi

3 Sbr. orð Anthony Faulkes (2007:59): „All *skjálfbent* lines are characterised by having a ‘heavy’ first dip (Sievers type A2a), whether or not the first hending falls upon it.“ (Einkenni allra skjálfhendna er að hafa „þungt“ fyrsta hnig (Sievers-gerð A2a), hvort sem það hefur rím eða ekki).

þeirra sé afbrigðileg.⁴ Skjálphendur hljómuðu ekki eðlilega. Nafnið er dregið af því að sá sem þær fram hljómaði líkt og hann skylfi vegna ofkælingar (sjá lýsingu Snorra Sturlusonar í byrjun þriðja hluta). Svo virðist sem einfaldir og tvöfaldir áherslutoppar hafi þótt vera eðlilegir en of mikið hafi þótt að áherslutoppar væru þrefaldir, þ.e. að þrjú sterk atkvæði stæðu saman.⁵

2 Skjálphendar vísur á 12. öld

Rögnvaldur Kali var jarl í Orkneyjum, skáld og síðar dýrlingur. Hann orti HÁTTALYKIL um miðja 12. öld ásamt íslensku skáldi, Halli Þórarinsyni, þar sem háttum skáldskapar var lýst með dæmum. Engar skýringar fylgdu en Snorri Sturluson lýsti síðar mörgum háttanna í HÁTTATALI Snorra-Eddu. Í HÁTTALYKLI er tvískelfd vísa með tveimur skjálphendum í hvorum vísuhelmingi en ekkert dæmi er um venjulegar skjálphendar vísur sem Rögnvaldur þekkti þó vel. Það sést á notkun þeirra í tveimur gamansögum í *Orkneyinga sögu*.

Í annarri sögunni er sagt frá því þegar Rögnvaldur skoraði á Odda litla Glúmsson að sýna færni sína í yrkingum. Oddi var íslenskt skáld sem lítið er vitað um annað en að hann var í hópi nokkurra skálda sem fóru með Rögnvaldi og fleiri norskum höfðingjum til Jórsala og Miklagarðs um miðja 12. öld. Laust mál er hér úr útgáfu Finnboga Guðmundssonar en vísur Rögnvalds og Odda úr útgáfu Judith Jesch. Ég hef skáletrað hér og annars staðar vísuorð sem eru skjálphend.

Þat var um einn dag um jólin, at menn hugðu at tjöldum. Þá mælti jarl við Odda inn litla: „Gerðu vísu um athöfn þess manns, er þar er á tjaldinu, ok haf eigi síðarr lokit þinni vísu en ek minni. Haf ok engi þau orð í þinni vísu, er ek hefi í minni vísu.“ Jarl kvað:

Lætr of oxl, sás útar,
aldroenn, stendr á tjaldi,
sig-Freyr Svölnis Vára
slíðrvönd ofan ríða.

4 Önnur ástæða til að hafa þær ekki af A-gerð er að þá myndu sumar þeirra brjóta gegn einu af lögmaálum Hans Kuhn (1933/1969:41) sem hann kallaði „Satzpartikelgesetz“.

5 Lýsing Finns Jónsonar (1892:48) á skjálphendum og tvískelfdum hætti er þannig: „Einkenni þessa háttar er það, að frumhending oddavísuorðanna stendur optast í næst fyrstu samstöfu, en stuðlarnir í fyrstu og þriðju; allar þrjár hafa því sterka áherzlu ... allt þetta kemur eins og einhverjum titring á vísuorðin og þær af er nafnið komið.“

Eigi mun, þótt ægir
 orbeiðanda reiðisk,
brikrudr þøðvar þokla
 beinrangr framar ganga.

Oddi kvað:

Stendr ok hyggv at hoggva
 herðilútr með sverði
bandalfr beiði-Rindi
 Baldrs við dyrr á tjaldi.
 Firum mun hann með hjörvi
 hættr; nús mál, at sættisk
hlæðendr hleypiskíða
 hlunns, áðr geigr sé unninn.
 (Finnbogi Guðmundsson 1965:202–203, Jesch 2009a:590–591,
 Jesch 2009b:614–616)

Jarlinn og Oddi ortu vísur um veggjald sem líklega var hengt upp til skrauts um jól í Orkneyjum. Í vísunum kemur fram að á veggjaldinu var mynd af manni með sverð reitt til höggs. Í skjálfhendum víshelmingi er þriðja vísuorð jafnan skjálfhent⁶ eins og á við um víshelminga í báðum þessum vísunum. Með skjálfhendum er hér gefið til kynna að mynd mannsins hafi verið svo raunveruleg að skáldin hafi skolfið af ótta.

Fyrri skjálfhendan í vísu Rögnvalds er með rími í annarri bragstöðu en sú seinni í vísu hans og þær báðar hjá Oddi eru með löngu atkvæði í nafnorði eða lýsingarorði. Vegna eftirfarandi orða Snorra tel ég þetta ekki öruggt merki um skjálfhendu og í þessari grein tel ég vísur eins og þá hjá Odda ekki til skjálfhendra vísna nema eitthvað sérstakt styðji að þær séu skjálfhendar eins og samanburðurinn við vísu Rögnvalds gerir hér. Snorri Sturluson sagði í Háttatali að skjálfhendur brygðust ekki ef rím væri í annarri bragstöðu. Hann orðaði þetta þannig (*frumbending* er haft um fyrri rímið í vísuorði og *samstafa* er atkvæði):

En ef frumbending er í þeiri samstöfu er næst er hinni fyrstu, þá bregzk eigi skjálfhenda.

(Faulkes 2007:16)

6 Ég hef ekki fundið neitt dæmi frá því fyrir 1200 um að fyrsta eða fimmta vísuorð í vísu sé skjálfhent nema þegar um er að ræða tvískelfdan hátt. Fimmta vísuorð í 43. lausavísu Egils (Finnur Jónsson 1912:52), sem ég greindi sem skjálfhent í grein 1994 (Þorgeir Sigurðsson 1994:68), er það ekki.

Önnur gamansaga um skjálphendur er sögð í framhaldi af því að Rögnvaldur og menn hans björguðust af skipbroti. Víshelmingur sem þar er farið með hefur hrynjandi sem er einstök en vegna efnis hans um skjálfta og af því að þriðja vísuorðið er með stuðlasetningu eins og í skjálphendu og með rími í annarri bragstöðu, tel ég víshelminginn vera skjálphendan. Laust mál er úr útgáfu Finnþoga Guðmundssonar en vísa Rögnvalds er úr útgáfu Judith Jesch:

Þá váru gørvir fyrir þeim eldar stórir, ok þokuðusk þeir þar við.
Griðkona kom inn ok skalf mjök ok mælti í skjálftanum, ok skilðu
menn eigi, hvat hon mælti. Jarl kvezk skilja tungu hennar:

Dúsið ér, en Ása
— atatata — liggir í vatni,
— *hutututu* — *hvar skalk sitja?* —
— heldrs mér kalt — við eldinn.

(Finnþogi Guðmundsson 1965:197–198; Jesch 2009a:587)

Hér eru tvö óvenjuleg orð mynduð með endurtekningu á sérhljóði og tannhljóðinu *t*: *atatata* og *hutututu*. Bæði orðin bera stuðul og rím.

Atatata í öðru vísuorði er framhald af orðinu *Ása* með endurtekningu á seinna sérhljóðinu. Í þessu vísuorði eru átta atkvæði sem skipta þarf á sex bragstöður og til þess þarf að taka saman veik atkvæði í *atatata*. Þar sem öll atkvæðin í *atatata* hljóta að vera borin eins fram og öll hafa rím, er eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur sterkum bragstöðum, SS. Hrynjandi vísuorðsins verður SSVVSV, sem er algeng hrynjandi í jöfnum vísuorðum dróttkvæða, eða SSSVSV sem væri skjálphent.

Hutututu er endurtekning á byrjun orðins *hvar* og er merkileg heimild um *hv*-framburð. Af henni sést að Rögnvaldur gat tekið *hu*-framan af orðinu *hvar* (gert *v* að atkvæðisbæru *u*). Augljóslega á það að vera kuldinn sem fær griðkonu til að stama bæði orðin *Ása* og *hvar*.⁷ Hér má einnig taka saman fjögur veik atkvæði í tvær sterkar bragstöður og fjöldi bragstaða verður við það réttur. Orðið *hvar* hefur stutt (veikt) atkvæði sem er lengt með samloðun við eftirfylgjandi orð *hvarskalk* og getur þess

7 Sveinbjörn Egilsson (1860:27 og 416) skráði orðin *atatata* og *hutututu* sem uppflettiorð í orðabók sinni og sagði þau vera upphrópanir. Judith Jesch (2009a:587) taldi einnig að hér væri um sérstök orð að ræða, samþanber: „*atatata*; *hutututu*”: The prose context suggests that these otherwise unparalleled words are to be interpreted as onomatopoeically representing the chattering teeth of the shivering woman.“ Ég er fyrstur til að tengja þessi skjálftaorð við aðliggjandi orð, þ.e. *Ása* og *hvar*.

vegna borið stuðul. Hrynjandi þriðja vísuorðs verður þá SSSVSV eins og í hefðbundnum skjálfhendum.

Í þessari gamanvísu hefur Rögnvaldur margfaldan áherslutopp í skjálfhendu þar sem bókstaflega glamrar í tönnum. Sigurður Nordal (1942:270) sagði um þessa vísu að þetta „er nærri súrrealistiskt“.⁸ Í öðrum varðveittum dæmum um skjálfhendur eru aldrei tvö atkvæði í bragstöðu. Það á bæði við um þær skjálfhendur sem hér eru taldar og skjálfhendur í tvískelfdum hætti (þær eru um 150 talsins, nær allar í kvæðinu REKSTEFJU). Þetta er eðlilegt þar sem þrefaldur áherslutoppur með þremur sterkum atkvæðum einkenndi skjálfhendur og það hefði líklega spilt jafnvægi sterku atkvæðanna ef tvö veik atkvæði hefðu komið í stað eins þeirra. Í vísu Rögnvalds er hinsvegar jafnvægi þar sem veik atkvæði eru í öllum bragstöðum áherslutoppisins.

Á tólfu öld voru skjálfhendar vísur ekki aðeins ortar til gamans, þær komu einnig á framfæri alvarlegum boðskap í tveimur helgikvæðum, HARMSÓL og PLÁCITUSDRÁPU. HARMSÓL var ort á seinni hluta tólfu aldar af Gamla sem var kanóki í Ágústínusarklaustri í Þykkvabæ sem var stofnað 1169 með Þorláki síðar helga sem fyrsta ábóta. Gamli predikar og hvetur menn til iðrunar í kvæði sínu og iðrast sjálfur eigin synda. Eftirfarandi er ellefta erindi:

Ókynninn gatk annan
 optsinnis þar vinna
 víga ljóss, es vissak,
 veðr-Þrótt, á mik dróttinn.
 Lítt bark ǫnn ok ótta,
 undgjalfrs, fyr mér sjölfum,
grálinns geymirunna
 glaðr þás dæmðak aðra.
 (HARMSÓL II, Attwood 2007:82)

Gamli segist hér hafa dæmt aðra fyrir það sem hann vissi sjálfan sig sekan um og óttaðist þá ekkert. Nú iðrast Gamli og óttast sem er undirstrikað með skjálfhendu í seinni helmingi. Þetta er tilvísun í fjallræðuna

8 Meðal fræðimanna sem nýlega hafa skrifað um þessa vísu eru Helgi Guðmundsson (2002:84) sem sagði að *atatata* væri upphrópun í latínu og sýndi lærdóm Rögnvalds og Helgi Skúli Kjartansson (2009:256) sem bar þriðja vísuorðið saman við önnur löng vísuorð í fornum kvæðum. Sjá einnig meistararitgerð Gunnars Skarphéðinssonar 2008 um lausavísur Rögnvalds og tilvísanir Judith Jesch (2009a:587).

í Mattheusarguðspjalli 7, 1–2 um að menn verði dæmdir eins og þeir dæmdu sjálfir. Í kvæðinu eru aðeins tvær skjálphendur, önnur er í þessari vísu en hin er í vísu sem kemur undir lok kvæðisins eftir að Gamli hefur rakið dæmi um að Guð hafi fyrirgefið þeim sem iðruðust en þá segir hann:

Ér látið þau, ýta,
atferðar lok verða,
miskunnandi, minnar,
margríkr, at þér líki,
svát frá yðr í ítru
— oss kjósum þat — ljósi,
veglyndr veðra grundar
valdr, skiljumk ek aldri.
(HARMSÓL 63, Attwood 2007:129)

Gamli óskar sér hér æviloka sem tryggi honum himnavist og skelfur þegar hann mælir þetta.

Auðvelt er að láta skjálphendu vísuorðin í HARMSÓL fara fram hjá sér af því að þau eru aðeins í tveimur vísu og aðeins í seinni vísuhelmingi þeirra. Í PLÁCITUSDRÁPU eru skjálphendur meira áberandi en hún er um kristinn rómverskan höfðingja sem varð píslarvottur vegna trúar sinnar. Ekki er vitað hver orti það kvæði en kvæðið er ekki yngra en frá um 1200 af því að frá þeim tíma er handritið sem varðveitir 59 vísur úr kvæðinu, kvæðið er ekki heilt.

Í drápunni eru að minnsta kosti átta skjálphendar vísur (4, 8, 16, 30, 31, 56, 57 og 58) og eru báðir vísuhelmingar í þeim öllum með skjálphendum og er a.m.k. önnur skjálphendan með rími í annarri bragstöðu (í seinni skjálphendu í 31. vísu er bæði rím í fyrstu og annarri stöðu). Hlutverk vísanna er ekki augljóst, hugsanlega vegna þess hve mikið vantar í kvæðið. Hlutverk þeirra gæti tengst byggingu kvæðisins en einnig gætu skjálphendurnar átt að undirstrika efni tiltekinna vísna. Eitt dæmi er 30. vísa sem segir frá því að Plácitus hafi gefið fátækum laun sín og haldið trú sinni en leynt henni:

Ok til aumra rekka
atvinnu gaf Þvinnils
vigg-Baldr víðrar foldar
verkkaup, þats sér merkði.

Fast helt lundr ok leyndi
 linnvengis trú sinni
blunndýrs beiðna runna
 hóttnæfr við goð sóttum
 (PLÁCITUSDRÁPA 30, Louis-Jensen og Wills 2007:200)

Í þessari vísu er seinni skjálfhendan með aðalhendingu (*blunn-* og *runna*). Um þetta eru fjögur dæmi í samtals 16 skjálfhendum í PLÁCITUSDRÁPU (þar eru tvær skjálfhendur í átta vísum). Þó að þetta sé hærra hlutfall en venjulegt er í þriðja vísuorði dróttkvæða, virðast aðalhendingar í skjálfhendum hafa heyrt til undantekninga á tólftu öld.

3 Skjálfbendur með aðalbendingum

Skjálfbendur 12. aldar hafa frá sjónarhóli Snorra Sturlusonar verið nýjar og alþekktar og hann lýsti þeim ekki nema óbeint í Háttatali sínu frá 1222–1223. Af lýsingum hans mátti þó skilja að í elstu skjálfhendum hefðu verið aðalhendingar en að í nýjum væru skothendingar.⁹

Snorri lýsti hinum fornu skjálfhendum með eftirfarandi vísu og sagði eftirfarandi (skáletrun á skjálfhendum er mín):

Þessi háttr er in forna skjálfhenda:

35 Reist at Vágsbrú vestan
 (varrsíma bar fjarri)
heitfastr hávar rastir
 hjálm-Týr svölu stýri;
 stókr óx er bar blakka
 brims fyrir jörð it grimma
herfjöld (húfar svöldu)
 hrannlád búandmanna.

⁹ Samanber orð Anthony Faulkes (2007:61) í athugasemd hans við umfjöllun Snorra um 39. vísu í HÁTTATALI þar sem Snorri nefnir *skjálfbendu hina nýju*: „The writer does not explain how *skjálfbenda in nýja* differs from *in forna* (st. 35, cf. st. 28), but it is presumably that in the former the lines that have *skjálfbendur* have *skothending* rather than *aðalbending*“ (Höfundur útskýrir ekki hvernig hin *nýja skjálfbenda* er öðruvísi en *in forna* (vísa 35, sbr. vísu 28) en ætla má að skjálfbendur í hinni fyrrnefndu hafi *skothendingar* fremur en *aðalbendingar*).

Hér er skjálfhent með aðalhending í þriðja vísuorði í hvárum tveggja helmingi, en «at» orðu sem dróttkvætt. Þenna hátt fann fyrst Veili. Þá lá hann í útskeri nokkvoru, kominn af skipsbroti, ok höfðu þeir illt til klæða ok veðr kalt. Þá orti hann kvæði er kallat er kviðan skjálfhenda eða drápan steflausa, ok kveðit eptir Sigurðar sögu.

(Faulkes 2007:18)

Frá Þorvaldi hinum veila segir í *Kristnisögu*. Hann var andsnúinn kristni og var veginn af Þangbrandi kristniboða skömmu fyrir árið 1000. Framlag hans til sögu skjálfhendna var að semja heilt kvæði sem notaði skjálfhendar vísur (skv. frásögn Snorra að framan). Ekkert er varðveitt af drápunni steflausu um Sigurð Fáfnisbana. Til að útskýra nafnið má hugsa sér að skjálfhendur hafi verið notaðar til skipta kvæðinu í hina þrjá hefðbundnu hluta drápu (inngang, stefjabálk og slæm). Í miðhlutanum hafi þá verið vísur með skjálfhendum.

Elsta dæmið um skjálfhent vísuorð er að finna í kvæðinu HAUSTLÖNG frá því um 900. Í því kvæði yrkir Þjóðólfur úr Hvini, eitt af skáldum Haralds hárfagra, um myndir sem málaðar voru á skjöld, líkt og Kali og Oddi ortu um mynd á veggjaldi. Myndirnar sögðu af einvígi Hrungnis jötuns og Þórs. Þar er því lýst þegar jörðin gekk í sundur við yfirreið Þórs á fund Hrungnis og á vel við að þá komi fram skjálfti:

...
þás hafregin hafrar
hógreiðar framm drógu
(seðr gekk Svölnis ekkja
sundr) at Hrungnis fundi.
(HAUSTLÖNG 15, Finnur Jónsson 1912:17)

Hér eru aðalhendingar í *gekk* og *ekkja*.

Annað stakt skjálfhent vísuorð er í drápu um Hákon Aðalsteinsfóstra eftir Guthorm sindra frá 10. öld. Hér er lýst bardagaglym:

...
þar gekk Njörðr af Nirði
nadds hámana raddar
valbrands víðra landa
vápnunduðum sunða.
(HÁKONARDRÁPA 6, Finnur Jónsson 1912:56)

Hér eru aðalhendingar í *-brands* og *landa*.

Elsta varðveitta vísan með skjálfhendum í báðum helmingum er lausavísa eftir Kormák Ögmundarson frá um 955–970. Hið óvenjulega myndmál þessarar vísu vakti athygli og aðdáun Sigurðar Nordal (1942:266) (öldurnar eru kallaðar hamrar sjávarlands). Vegna hins erfiða háttar er hinsvegar algengara að skjálfhendar vísur séu svo illskiljanlegar og flóknar að erfitt sé að dást að þeim.

Brim gnýr, brattir hamrar
 blálands Haka standa,
alt gjalfr eyja þjalfa
 út líðr í stað, víðis;
 mér kveðk heldr of Hildi
 hrannbliks, an þér, miklu
svefnfátt; sörva Gefnar
 sakna mank, es ek vakna.
 (Kormákur, lv. 37, Finnur Jónsson 1912:78)

Vísan er ástarvísa og lýsir söknuði skáldsins. Vísur Kormáks eru margar mjög illa varðveittar en aðalhendingarnar í þriðja vísuorði beggja vísu-helminga taka af vafa um að hér ætlaði skáldið sér að brjóta gegn hefðbundinni hrynjandi dróttkvæða. Í seinni skjálfhendunni er ekki rím í næstfremstu bragstöðu (heldur langur orðstofn lýsingarorðs). Kari Ellen Gade (1995:58) taldi vera skjálfhendu í 32. lausavísu Kormáks í þriðja vísuorði (Finnur Jónsson 1912:77) og í 48. lausavísu í þriðja vísuorði (Finnur Jónsson 1912:81) en ég tel það vera óvíst þar sem í hvorugt skiptið er rím í annarri stöðu eða aðalhending til staðfestingar.

Frá því að 37. lausavísa Kormáks var samin, leið ekki langur tími þar til Veili samdi kvæði með skjálfhendum vísum og ekki löngu seinna á fyrri hluta II. aldar var samin KNÚTSDRÁPA fyrir Knút ríka sem dó 1035, víðlendasta konung Norðurlanda fyrr og síðar. Aðeins eru varðveittir níu vísu-helmingar úr því kvæði á víð og dreif um *Snorra-Eddu*, *Heimskringlu* og *Knýtlinga sögu* en í þeim öllum er þriðja vísuorð skjálfhent. Eftirfarandi er úr KNÚTSDRÁPU og segir að Knútur ráði Englandi, Danmörku og Noregi:

Englandi ræðr Yngvi
 einn (hefsk friðr at beinni)
þøðrakkr bænar nokkva
 barkrjóðr ok Danmørku;

ok hefr (odda Leiknar)
 jalm-Freyr und sik malma
(hjaldrórr haukum þverrir
 hungri) Nóregi þrungit.
 (KNÚTSDRÁPA 6, Finnur Jónsson 1912:294)

Kvæðið orti Hallvarður Háreksblei sem lítið er vitað um. Kvæðinu fylgdi stef sem er nýjung frá skjálphendu kvæði Veila. Finnur Jónsson (1920:601) tók eftir því að í þessari vísu er líkingamál sótt til hinnar nýja trúar þar sem brynja er kölluð börkur bænarskips (brjósts). Hér er aðalending í fyrri skjálphendunni en skothending í þeirri seinni. Skothendingar eru í fjórum af níu skjálphendum KNÚTSDRÁPU og eru það elstu öruggu dæmin um skothendingar í skjálphendum.

4 Lokaorð um skjálphendur og gildi þeirra

Það sem varðveitt er af skjálphendum í fornum kveðskap styður og útskýrir lýsingu Snorra Sturlusonar á þeim. Þetta á m.a. við um notkun aðalendinga í nýjum og fornum skjálphendum, um hvenær elstu skjálphendu kvæðin voru samin og um að skjálphendur hafi lýst skjálfta sem tengdist höfundu eða viðfangsefni hans. Notkun skjálphendna var hluti af dróttkvæðahefðinni frá elstu tíð og þekking á þeim var almenn á tólftu öld, áður en Snorri lýsti þeim í HÁTTATALI.

Skjálphendur eru í dag svo til óþekktar og skilningur á þeim er lítill. Fornar skjálphendur hafa litla athygli fengið og um tilvist skjálphendna á tólftu öld hefur ekki verið vitað. Skjálphendur eiga skilið athygli á 21. öld, meðal annars af eftirtöldum ástæðum:

Í skjálphendum eru mörg rannsóknarefni fyrir þá sem vilja rannsaka fornt mál. Þær skipta meðal annars máli fyrir kenningar um mismunandi styrk atkvæða eftir orðflokjum. Samkvæmt svokölluðu lögmáli W. A. Craigie (1900) er aldrei nafnorðs- eða lýsingarorðsstofn með löngu atkvæði í fjórðu bragstöðu vísuorða í dróttkvæðum en hinsvegar mega sagnir og aðrir orðflokkar vera með löngu atkvæði á þessum stað. Sá munur sem hér er gerður á nafnorðum og sögnum er athyglisverður en hann virðist eiga sér samsvörun í reglum um skjálphendur. Í öðru atkvæði þeirra má vera nafnorð með löngu atkvæði þótt atkvæðið beri ekki rím en ekki er nóg að þar sé sögn. Þetta sést á þeim dæmum sem hér hafa verið rædd en einnig á velflestum skjálphendum vísuorðum undir tvískelfdum hætti.

Skjálfhendur hafa augljóst bókmenntagildi þar sem þeim bregður fyrir í vísum og kvæðum. Þær gera kvæðið HARMSÓL áhrifaríkara og vísur Odda og Rögnvalds Kala í *Orkneyinga sögu* missa marks ef því er ekki veitt athygli að þær eru skjálfhendar. Skjálfhendan kveðskap mætti einnig nefna þegar rætt er um eðli skáldskapar. Hann sýnir að löngu fyrir tíma avant-garde hreyfingarinnar tjáðu norræn skáld tilfinningar með því að brjóta gegn formi skáldskapar, sem var talin nýjung í byrjun 20. aldar.

HEIMILDASKRÁ

- Attwood, Katrina (útg.). 2007. Gamli kanóki. *Harmsól. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII. Poetry on Christian Subjects*, 70–132. Ritstj. Margaret Clunies Ross. Brepols, Turnhout.
- Craigie, William A. 1900. On some Points in Scaldic Metre. *Arkiv för nordisk filologi* XVI:341–384.
- Faulkes, Anthony (ritstj.). 2007. *Snorri Sturluson: Edda. Háttatal*. Second edition. Viking Society for Northern Research. University College, London.
- Finnbogi Guðmundsson (ritstj.). 1965. *Orkneyinga saga*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Finnur Jónsson. 1892. *Stutt íslensk bragfræði*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson (útg.) 1912. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. B I. Gyldendal, København.
- Finnur Jónsson. 1920. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. 2. udg. G.E.C. Gads Forlag, København.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. *Islandica* 49. Cornell Univ. Press, Ithaca.
- Gunnar Skarphéðinsson. 2008. „Stígum létt á lágan legg meðan upp held skeggi“. *Um kveðskap Rögnvalds jarls Kala*. Ritgerð til MA-prófs við Háskóla Íslands. Óútgefin en aðgengileg á Þjóðarbókhöðu.
- Helgi Guðmundsson. 2002. *Land úr landi*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 2009. No royal road. The extremes of dróttkvætt lines in Snorri's Háttatal. Í Tonya Kim Dewey & Frog (útg.), *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics*, 247–257. Berkeley Insights in Linguistics and Semiotics 74. Peter Lang, New York.
- Jesch, Judith (útg.). 2009a. Rögnvaldr jarl Kali Kolsson. *Lausavísur. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages II. Poetry from the Kings' Sagas* 2, 575–609. Ritstj. Kari Ellen Gade. Brepols, Turnhout.

- Jesch, Judith (útg.). 2009b. Oddi inn litli Glúmsson. Lausavisur. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages II. Poetry from the Kings' Sagas 2*, 614–619. Ritstj. Kari Ellen Gade. Brepols, Turnhout.
- Kristján Árnason. 1991. *The Rhythms of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2006. Um Háttatal Snorra Sturlusonar. Bragform og braglýsing. *Gripla* 17:75–124.
- Kuhn, Hans. 1933/1969. Zur Wortstellung und -Betonung im Altgermanischen. *Kleine Schriften I*, 18–103. Walter de Gruyter, Berlin. [Fyrst prentað í *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 57:1–109.]
- Kuhn, Hans. 1983. *Das Dróttkvætt*. Carl Winter – Universitätsverlag, Heidelberg.
- Louis-Jensen, Jonna og Tarrin Wills (útg.). 2007. Anonymous, *Plácitusdrápa*. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII. Poetry on Christian Subjects*, 179–220. Ritstj. Margaret Clunies Ross. Brepols, Turnhout.
- Sigurður Nordal. 1942. *Íslensk menning*. 1. bindi. Mál og menning, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1860. *Lexicon poëticum antiquæ linguæ Septentrionalis*. Hafniæ.
- Þorgeir Sigurðsson. 1994. Skjálfti í dróttkvæðum eða 1000 ára gamall súrrealismi. *Mímir* 41:67–69.